

EFTIRLITSSKÝRSLA

Gallon ehf. Reyðarfirði



Dags eftirlits	26.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Gallon ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630921-2280	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Andri Vífilsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Óskar Krisófer Leifsson	Staðsetning	725312,177 512055,178

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit er varða að uppfærslu lagnateikninga og merking geyma og lagna er ekki lokið og að bæta þarf skipulag í rekstrarhandbók og öryggismöppu. Vinna við þessi atriði er langt komin og verða úrbætur teknar út í næsta eftirliti. Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu. Úrbótum vegna frávikna frá síðasta eftirliti er lokið með fullnægjandi hætti og frávikunum því lokað.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila að Óseyri, Reyðarfirði. Heimilt er að geyma allt að 540 m³ af olíu eða bensíni í stöðinni, með gegnumstreymi bensíns minna en 5.000 tonn á ári. Einnig er heimil móttaka úrgangsolíu. Starfsleyfið gildir til 31. janúar 2027 og er rekstraraðili minntur á að sækja um nýtt starfsleyfi tímalega, eða allt að einu ári áður en núverandi leyfi rennur út.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Umgengni, aðkoma lóðar og skoðunarferð
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Tvö frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við síðasta eftirlit árið 2023 er varða mælingar á olíu í fráveituvatni og þjálfun stöðvarstjóra. Brugðist hefur verið við þeim frávikum með fullnægjandi hætti og þeim lokað. Tvær ábendingar voru settar fram er varða að bæta þurfi skipulag í rekstrarhandbók og uppfæra lagnateikningar í stöðvarhúsi. Úrbótum vegna þessara atriða er ekki lokið en verið er að vinna að uppfærslu á rekstrarhandbók og lagnateikningum. Frávik er því sett þar um og verða úrbætur teknar út í næsta eftirliti.

Bent er á að skv. gr. 4.9 í starfsleyfi felur eftirlitið í sér árlega skoðun í stöðinni. Rekstraraðili getur óskað eftir breytingu á þessari grein starfsleyfisins þannig að tíðni eftirlitsins falli undir áhættumat skv. 57. gr. rg. 550/2018. Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Verður tíðni eftirlits miðuð út frá því, óski rekstraraðili eftir þessari breytingu.

Engar breytingar hafa verið gerðar á stöðinni frá síðasta eftirliti og umfangið er álíka og verið hefur. Einungis bensín er geymt í stöðinni og ekki er tekið á móti úrgangsolíu. Einn bensíngeymir er í stöðinni og var hann síðast botnþykktarmældur árið 2018. Næsta mæling skal fara fram árið 2028 skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Löndunarlögn bensíns af bryggju er sameiginleg með Olíudreifingu ehf. og var hún síðast þrýstiprófuð af Olíudreifingu árið 2020. Minnt er á að þrýstiprófa þarf lögnina næst árið 2025 skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Ekki er gerð krafa um að afgreiðslulögn fyrir bensín sé þrýstiprófuð þar sem hún stendur

ofanjarðar og er innan þróar.

Afgreiðsluplan fyrir flutningsgeyma er tengt olúskilju og er frárennsli skiljunnar leitt í fráveitukerfi sveitarfélagsins. Olúskiljan er skoðuð mánaðarlega og skráningar þar um í rekstrarhandbók. Skynjarar í skilju eru prófaðir á 3ja mánaða fresti. Mæling var síðast gerð í fráveituvatni olúskiljunnar árið 2023 en skv. gr. 3.2 í starfsleyfi skal mæla olú í fráveituvatni að lágmarki þriðja hvert ár. Minnt er á að senda þarf niðurstöður mælingarinnar til eftirlitsaðila um leið og þær berast rekstraraðila. Ekkert niðurfall er í mengunarvarnarþrónni.

Ekki er gerð krafa um söfnun á rokgjörnum gufum frá bensíngeymi þar sem gegnumstreymi bensíns í stöðinni er minna en 5.000 tonn á ári.

Enn er fyrirhugað að rífa gasólugeymi sem tekinn hefur verið úr notkun (nr. 751-B202) og færa til förgunar. Minnt er á að sækja þarf um leyfi til niðurrifs til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Ekki var búið að uppfæra rekstrarhandbók og bæta skipulag hennar, skv. ábendingu í síðasta eftirliti, þegar eftirlitið fór fram en vinna við það er langt komin að sögn rekstraraðila. Áfram er því bent á að ljúka við þá lagfæringu og frávík sett þar um. Einnig þarf að fjarlægja úrelt öryggisblöð úr viðbragðsmöppu svo gildandi blöð séu aðgengilegri.

Teikning af stöðinni, flæðirit og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar var sýnilegt upp á vegg í stöðvarhúsi en bent er á að uppfæra þarf lagnateikningar m.t.t. nafnabreytinga og breytinga á lögnum. Var það sett sem ábending í síðasta eftirliti en uppfærslu er ekki lokið og er því sett frávík þar um.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er til staðar.

Olíublautar tuskur og annar olúsmitaður úrgangur er tekin jafn óðum með í olíubílana og þeim safnað saman í birgðastöð rekstraraðila á Eskifirði. Nánast enginn annar úrgangur fellur til í stöðinni. Ísogsefni og mottur eru til staðar.

Gengið var um stöðina og umhverfi hennar skoðað. Hlið stóð læst er að var komið og girðingar voru í lagi. Stöðin er snyrtileg á að líta. Merkingar geyma skv. viðauka I í rg. 884/2017 voru skoðaðar og þarf að gera úrbætur hvað þær varðar.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
Gr. 1.11 í starfsleyfi	Uppfæra þarf lagnateikningar í stöðvarhúsi m.t.t. nafnabreytinga og breytinga á lögnum. Merkja skal geyma og lagnir skv. viðauka I í rg. 884/2017.
Gr. 2.8 og gr. 3.3 í starfsleyfi.	Bæta þarf skipulag í rekstrarhandbók skv. gr. 3.3 í starfsleyfi og fjarlægja úrelt öryggisblöð úr öryggismöppu svo gildandi blöð séu aðgengilegri.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.


ANNAÐ

Engar kvartanir hafa borist, hvorki til rekstraraðila né eftirlitsaðila vegna starfseminnar og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.07.2024



Guðbjörg Stella Árnadóttir

